



# Það þarf kjark og fagmennsku til að horfast í augu við vonda hluti

Viðbrögð hins opinbera og félagasamtaka  
gagnvart börnum sem búa ofbeldi á heimilum

Anni G. Haugen

Lektor í félagsráðgjafardeild HÍ



# Rannsóknir RBF á ofbeldi karla gegn konum

- Símakönnun
- Viðtalskannanir:
  - Félags- og velferðarþjónusta + barnavernd í 9 sveitarfélögum + forstjóri Barnaverndarstofu
  - Tíu grunnskólar
  - Ellefu félagasamtök
  - 9 stofnanir innan heilbrigðisþjónustu
  - Lögregla



# Símakönnun

- Hringt í 3000 konur – 68% svörun
- 42% höfðu verið beittar ofbeldi einhvern tíma frá 16 ára aldri
  - 30% höfðu verið beittar líkamlegu ofbeldi
  - rúmlega 24% höfðu verið beittar kynferðislegu ofbeldi



# Börn til staðar?

- Hjá 75% svarenda bjuggu börn á heimilinu við síðasta ofbeldisatvik
- 24% svarenda sögðust halda að börn hefðu orðið vitni að ofbeldinu
- Helmingur viðmælenda sagðist halda að börnin hefðu ekki orðið vitni að ofbeldinu



## Spurt um ofbeldi

Félagsþjónusta	Barnavernd	Grunnskólar	Heilbrigðis-þjónusta	Félaga-samtök	Lög-regla
Almennt ekki spurt um ofbeldi nema einhverjar vísbendingar séu um það. Kemur stundum upp í samtölum síðar. Viðmælendur mundu ekki eftir mörgum tilvikum og nær undantekningarlaust áttu þær konur börn	Almennt ekki spurt um ofbeldi þegar mál berast eða eru könnuð. Á tveimur stöðum var það þó regla.	Þrír skólastjórar höfðu orðir varir við ofbeldi gegn konum (mæðrum) í sínum skóla. Sjö höfðu ekki fengið mál til sín sem flokka mætti sem ofbeldi gegn konum	Hvergi í hinu almenna heilbrigðiskerfi eru spurningar um reynslu af ofbeldi hluti af almennum upplýsingum um skjólstaðinga. Spurt með (mis-) reglubundnum hætti ef konan tilheyrir ákveðnum áhættuhópum, f.o.f. fíklum. Á tveimur stöðum eru verðandi mæður spurðar um ofbeldi (Ólafsvík og Akureyri)	Hlutverk félagasamtakanna ólíkt – nokkur vinna sérstaklega með ofbeldi eins og Kvennaathvarf, Stígamót. Aðrir staðir spyrja ekki beint um ofbeldi	Ástæða útkalla er oft ofbeldi á heimili



# Heilbrigðisþjónustan

- „.....bæði spyr ég alltaf um áfengis- og vímuefnavanda og hvort að hérna, einhvern tíma hafi hérna, lent í einhverju slíku“.

(starfsmaður mæðraskoðunar)



# Félagsþjónustan

- *„Það er oft ekki fyrr en konurnar verða hræddar um börnin sín sem þær fá þennan kraft sem þarf til að rífa sig út úr þessum vítahring.“*  
(starfsmaður félagsþjónustu)
- *„Það þarf kjart og fagmennsku til að horfast í augu við vonda hluti sem eru að gerast á heimilum fólks. Starfsmenn hafa mikið að gera og það er léttast að komast í gegnum daginn án þess að vera að spyrja mikið óþægilegra spurninga – maður afgreiðir það sem maður fær...“.*





## Viðbrögð vegna stöðu barna

Félagþjónusta	Barnavernd	Grunnskólar	Heilbrigðis-þjónusta	Félagasamtök	Lögregla
Lagt mat á hvort tilkynna eigi mál til barnaverndar. Á einum stað var öllum slíkum málum vísað. Rætt við móður um mögulegan stuðning	Oftast rætt við börnin og ætíð hafi þau orðið vitni að ofbeldi eða ef um endurtekin tilvik er að ræða	Vísað til nemendaverndar-ráðs. Vísað til barnaverndar-nefndar	Virðist oftast vísað til barnaverndarnefndar	Flest virðast tilkynna til barnaverndarnefndar ef börnin eru talin vera í hættu	Tilkynnir til barnavernefndar





# Viðbrögð

- „*ef vart verður við að barn búi við ofbeldi gegn móður er farvegurinn oft þannig að menn ráðgista við skólastjóra..... og ef tilkynna þarf mál til barnaverndar þá er það gert hiklaust“.*

(starfsmaður skóla)

- tilkynnt er til barnaverndarnefndar ef konan er í neyslu en ekki þó makaofbeldi sé til staðar ef ekki er einnig um neyslu að ræða

(úr skýrslu um viðbrögð heilbrigðisþjónustunnar)



## Úrræði og stuðningur

Félagsþjónusta	Barnavernd	Grunnskólar	Heilbrigðis-þjónusta	Félaga-samtök	Lögregla
Almenn úrræði, - oftast til móður	Almenn úrræði – viðtöl við starfsmann eða annan fagaðila, persónulegur ráðgjafi o.fl. Hægt að vísa ofbeldismann út af heimili eða óska eftir nálgunarbanni.	Enginn ákveðinn aðili innan skólans tekur að sér persónulega ráðgjöf við nemendur	Ekki spurt um úrræði eða stuðning	Kvennaathvarf: Sjálfbóðaliðar sinna börnum – hægt að vísa þeim í sálfræðiviðtöl. Önnur félagasamtök sinna ekki stuðningi við börnin	Ekki þeirra hlutverk að veita stuðning.



# Niðurstöður og umræða

- Sjónum í takmörkuðu mæli beint að þeim börnum sem búa við ofbeldi á heimili/kynbundið ofbeldi
- Mæðurnar ekki spurðar um líðan og umönnun barnanna
- Börnin njóta ekki athygli/réttar sem sjálfstæðir einstaklingar



# Niðurstöður og umræða

- Málaflokkurinn tilheyrir barnaverndinni
  - þ.e. þegar búið er að meta stöðu barnsins
- Hvað er metið
  - Alvarleiki málsins eins og t.d. áverkar?
  - Barnið í hættu?
  - Er barnið farið að missa úr skóla og/eða standa sig ver námslega eða félagslega?
  - Barnið fer aftur heim til ofbeldismanns?
  - Móðir er í neyslu?



# Niðurstöður og umræða

- Fagfólk og aðrir eru oft hikandi við að tilkynna til barnaverndar og telja sig vanta þekkingu til að greina einkenni
- Barnaverndin kannar um 51% þeirra tilkynninga sem berast
  - Ef barnið er ekki talið í bráðri hættu er oft á tíðum sent bréf eða beðið þar til borist hafa þrjár tilkynningar



# Niðurstöður og umræða

- Í grunnskólunum er málum yfirleitt vísað til nemendaverndarráðs
  - Hefur sú skylda skólans að tilkynna foreldrum um að fjalla eigi um mál barnsins þar áhrif á að málið sé síður rætt? – Ef svo er hvað þá?



# Hver á að sinna börnunum

- Málin tilheyra barnaverndinni ?
  - Hver er þá ábyrgð annara stofnana?
  - Eru þessi mál skilgreind “út af borðinu”?
- Hvert geta börnin leitað?
- Þörf á fræðslu
- Margar stofnanir og faghópar þurfa að koma að verkefninu



# Setjum barnið í fókus

